

Tilkynning um ályktun Náttúruverndarsamtaka Suðurlands 27. júní 2013

Ályktun vegna frestunar á stækkun friðlands í Þjórsárverum

Náttúruverndarsamtök Suðurlands mótmæla frestun umhverfis- og auðlindaráðherra á ákvörðun um stækkun friðlands í Þjórsárverum. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum er rökrétt framhald rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða þar sem athafnasvæði mögulegrar Norðlingaölduveitu var sett í verndarflokk. Rammaáætlun byggir á löngu og ítarlegu ferli samráðs þar sem fjöldi hagsmunaaðila, þ.á.m. Landsvirkjun, hefur haft tækifæri til álitsgjafar og umsagna á öllum stigum. Stækkun friðlands í Þjórsárverum er vernd gagnvart orkuvinnslu sem á sér lagastoð í sjálfri rammaáætlun. Fullyrðingar Landvirkjunar um ólögmæti stækkunar friðlandsins vegna skorts á samráði fá því ekki staðist. Fullyrðingar umhverfis- og auðlindaráðherra um alvarlegar athugasemdir sveitarfélaga við stækkun friðlandsins hafa ennfremur verið hraktar á opinberum vettvangi. Náttúruverndarsamtök Suðurlands gagnrýna einnig hvernig staðið var að afboðun samkomu vegna áformaðrar undirskriftar stækkunar friðlands í Þjórsárverum. Samtökin afþakka frekari afskipti Landvirkjunar af friðlýsingum svæða í verndarflokki rammaáætlunar. Samtökin skora á umhverfis- og auðlindaráðherra að standa vörð um rammaáætlun og jarða hið fyrsta þá stríðsöxi sem Landsvirkjun reiddi á loft með síðbúnum afskiptum af máli sem þegar var víðtæk sátt um í þjóðfélaginu.

Náttúruverndarasamtök Suðurlands